

Andragogy in action – Malcolm Knowles

Í bókinni *Andragogy in action: Applying modern principles of adult learning* fjallar Knowles um það hvernig módelið hefur reynst ýmsum fagstéttum í ýmsum aðstæðum. Fyrsti hluti bókarinnar fjalla um módelið en í seinni hennar eru frásagnir sem fjalla um notkun andragogy módelisins með ólíkri nálgun og ólíkum hætti. Lesendum er kynnt módelið í gegnum stuttar ritgerðir sem skrifaðar hafa verið af ýmsum aðilum sem hafa notið leiðsagnar Knowles í skipulagningu náms fyrir fullorðna og/ eða notað andragogy módelið í sinni vinnu. Tekin eru dæmi um það hvernig módelið nýttist í kennslu háskólastúdenta, þjálfun heilbrigðisstarfsfólks og á vinnufundum svo dæmi séu tekin.

Í bókinni lýsir Knowles því þegar hann hóf störf að loknu námi. Hann stóð frammi fyrir krefjandi verkefni sem var að aðstoða atvinnulaust ungt fólk á aldrinum 18-25 ára að koma undir sig fótunum á vinnumarkaði. Á þessum tíma hafði Knowles nýlokið háskólanámi sjálfur og vissi lítið um þarfir nemenda sinna aðrar en að þeir voru í atvinnuleit. Hann áttaði sig fljótlega á því að þessi hópur var frábrugðinn öðrum námsmönnum sem hann þekkti og hann þurfti að nálgast þá með öðrum hætti en hann var ekki viss um með hvaða hætti hann ætti að gera það. Knowles horfði til Eduard Lindeman sem var kennari og frumkvöðull í skipulagningu fræðslu fullorðinna og mótaði Knowles sýnar hugmyndir út frá kenningum hans. Knowles lagði áherslu á það hvernig fullorðnir námsmenn læra, helstu forsendur þeirra til náms og þróaði aðferðir sem sniðnar voru að þörfum þeirra. Hann taldi árangursríkt að leggja sig fram um að ná góðum tengslum við nemendur sína og byggja á persónulegri nálgun við þá í stað óformlegra samskipta. Verkefnin sem leggja ætti fyrir nemendur ættu að krefjast þátttöku og hlutverk leiðbeinenda væri að vekja áhuga á viðfangsefninu ásamt því að veita gagnlegan og uppbyggjandi stuðning.

“Andragogy is the art and science of helping adults learn”

(M. S. Knowles)

Árin á milli 1960-1980 voru talin vera blómatími upplýsingaöflunar um nám fullorðinna. Þekking manna á sálfræði og félagsfræði fór vaxandi og menn áttuðu sig í auknu mæli á því hvernig hægt væri að hjálpa fólki sem t.d. átti í vanda. Á þessum tíma var félagsfræði vaxandi grein og fræðimenn fjölluðu um það hvernig þættir eins og húðlitur, félagsleg staða, menntun foreldra, samfélag, streita o.fl. gátu haft áhrif á það hvernig fólk lærði. Þekkingin til að móta kenningar og skipuleggja fræðslu fullorðinna jókst samhliða.

Knowles setti með andragogy módelinu fram nokkrar fullyrðingar um nám fullorðinna. Í forsendum til náms taldi hann ekki æskilegt að mata námsmennina af upplýsingum og námsefni eins og um börn væri að ræða. Hann taldi fullorðna námsmenn vilja takast á við verkefni og ekki láta mata sig. Þeir hefðu fyrirfram mótaðar hugmyndir um skóla og nám og taka þyrfti mið af þeim hugmyndum við skipulagningu náms fyrir fullorðna. Námsmenn sem hefðu neikvæðar hugmyndir og slæma reynslu af námi þyrftu aðstoð frá leiðbeinanda til að nám gæti átt sér stað. Þá reyndi á leiðbeinandann að fá námsmanninn til að breyta hegðun sinni og viðhorfi gagnvart námi og menntun almennt. Knowles fjallaði um mismunandi hvatir til að læra og hvernig þær skiptast í innri og ytri hvatir. Innri hvatir ýta fullorðnum námsmönnum frekar til náms þ.e. sjálfsvirðing, samþykki frá samfélaginu, bætt lífsgæði og betri sjálfsvitund. Fullorðnir námsmenn sækja frekar í nám þegar þeir finna hjá sér innri þörf fyrir að læra. Þeir hafa flestir hugmynd um námið sem þeir sækja, tilgang og nytsemi þess fyrir þá. Þeir skipuleggja námið í kringum lífsreynslu í stað þess að vera eingöngu að hugsa um verkefni. Þess vegna taldi Knowles mikilvægt að titill námskeiðs væri gegnsær og gæfi skýrt til kynna það sem ætti að gera á námskeiðinu.

Knowles kaus að nota ekki orðið kennari heldur leiðbeinandi sem lýsir nálgun andragogy módelisins á stöðu þess sem skipuleggur námskeið. Sá sem er í hlutverki leiðbeinanda þarf að leggja sig fram um að skapa námshvetjandi umhverfi. Það gerir hann meðal annars með því að láta nemendur taka þátt í skipulagningu námsins og að þeim finnist þeir geta haft áhrif á þróun námskeiðsins. Fullorðnir námsmenn eru líklegri til að helga sig viðfangsefninu ef þeir upplifa að þeir geta haft áhrif. Námsmennirnir eiga sjálfir að meta þarfir sínar í námi, hvar þeir eru staddir og hvað þeir þurfa að gera til að ná markmiðum námskeiðsins miðað við áherslur þess.

Í bókinn fjallar Knowles um það hvernig andragogy módelið eigi ekki einungis við um fullorðna námsmenn heldur geti það átt við um alla námsmenn. Í samtölum sínum við fólk sá hann að módelið var notað víðar en hann hafði lagt upp með. Kennarar í grunnskólum notuðu módelið ásamt fólki í fullorðinsfræðslu, háskólum og jafnvel var módelið notað í fyrirtækjum, við skipulagningu funda t.d. í breytingaferli.

Helping adults Reenter College

eftir Margaret Coe, Ann Rubenzahl og Vicki Slater

Einn kafli í bókinn, *Andragogy in action* fjallar um vinnustofur fyrir leiðbeinendur sem skipulögðu og kenndu ýmis námskeið fyrir fullorðna námsmenn við Mercy College og innleiðingu á andragogy módelinu á námskeiðum við skólann sem ætluð voru fullorðnum námsmönnum. Fæstir leiðbeinendanna höfðu fengið sérstaka þjálfun sem leiðbeinendur með andragogy nálgun en allir voru þeir frammúrskarandi á sínu sviði. Námið var að mati Knowles vel skipulagt og mætti þörfum nemenda. Áhugi stjórnenda skólans var að styrkja námsleið fyrir fullorðna námsmenn enn frekar og festa hana betur í sessi. Aukin samkeppni í menntun kallaði á fleiri úrræði í menntun fyrir fullorðna. Knowles var fenginn sem ráðgjafi við innleiðingu á andragogy módelinu og til að stýra vinnustofum fyrir leiðbeinendur á námskeiðum fyrir fullorðna námsmenn fyrst og fremst. Markmiðið með vinnustofunum var að laga námskeiðin enn frekar að þörfum nemenda og efla leiðbeinendur þeirra (Knowles, 1985, bls. 121-133).

Mercy College er staðsettur í Dobbs Ferry sem er úthverfi New York borgar og stendur við bakka Hudson ár. Mercy College er óháður einkaskóli sem var stofnaður árið 1950. Á árunum 1971 til 1984 fjölgaði nemendum mjög hratt úr 1500 í 9500 á tæplega 13 árum. Fjölgunin var fyrst og fremst vegna þess að opnuð var námsbraut fyrir fullorðna námsmenn sem sniðin var að þörfum þeirra. Kennt var kvöld og morgna, tvo daga í viku, 8 vikur í senn og gátu námsmenn valið hvorn tímann þeir sóttu t.d. þeir sem voru í vaktavinnu, heimavinnandi húsmæður með ung börn. Námið var í stöðugri þróun og endurmat var gert en námsleiðinni var ætlað að mæta þörfum nemenda sem voru að hefja nám að nýju eftir langt hlé. Þetta voru aðallega konur á aldrinum 25-65 ára, með litla eða enga framhaldsskólamenntun. Markmiðið var að efla nemendur með því að vera virkir í eigin þekkingarleit, hjálpa þeim að líða vel í eigin skinni persónulega og sem námsmenn, að þeir settu sér markmið í menntun og starfsframa og að þeir lærðu á innra kerfi skólans sem var lykillinn að frekara námi þegar fram liðu stundir. Nemendur sem óskuðu eftir því fengu hjálp við að yfirstíga hindranir, þeim var boðin ýmis stoðþjónusta s.s. stuðningur við fólk með námserfiðleika, leiðsögn í náminu og námsráðgjöf. Dæmi um það hvernig komið var til móts við nemendur var að þeim bauðst að hringja í ákveðið símanúmer s.k. heimavinnulínu, þar sem þeir gátu fengið aðstoð með heimanám eftir þörfum.

Leiðbeinendur sem kenndu á námskeiðum fyrir fullorðna námsmenn og tóku þátt í vinnustofum Knowles töldu sig fá fjölbreyttari hópa en áður. Nemendur þeirra væru á ólíkum aldri, með ólíka reynslu og þeir töldu sig eiga erfiðara með að mæta þörfum þeirra. Leiðbeinendur töldu mikilvægt að skoða helstu ástæður þess að fullorðnir færu í nám og þróa áætlun til að aðstoða þá að ná markmiðum sínum í námi. Viji leiðbeinenda var til að efla nemendur sem námsmenn og stuðla að því að þeir færu í frekara nám t.d. við háskóla.

Haldnar voru fimm vinnustofur eða vinnufundir með mánaða millibili frá nóvember 1981 til mars 1982. Knowles kom ekki inn sem sérfræðingur heldur var hann upplýsingaveita (*resource*) eða ráðgjafi sem hægt var að leita til. Leiðbeinendur sem sóttu vinnustofurnar efuðust um andragogy módelið í upphafi, einhverjir þeirra fundu fyrir óöryggi og þeir gagnrýndu fyrirkomulagið á vinnustofunum. Til að draga úr óvissu og óöryggi þátttakenda var sett fram skipulag fyrir næstu fundi og gert var ráð fyrir gagnrýnni og opinni umræðu á vinnustofum. Opnar umræður virtust skapa meira traust á milli þátttakenda.

Síðasta vinnustofan var haldin eftir fyrstu önnina til að hægt væri að meta starfið, það sem gekk vel og það sem þyrfti að endurskoða. Ellefu af tólf þátttakendum töldu einhverjar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi og skipulagi á námskeiðum þeirra. Aðeins einn taldi engar breytingar hafa orðið. Þátttakendur voru ánægðastir með tækifærið sem þeir fengu til að skiptast á skoðunum á áherslum, gildum og aðferðum í kennslu og fyrirkomulagi námskeiðanna. Þeir töldu sig styðja hver við annan og þróuðu í sameiningu lærdómssamfélagið sem þeir tilheyrðu.

Eitt af því sem hjálpaði nemendum að móta nám sitt voru námssamningar. Knowles lagið áherslu á námssamninga þ.e að námsmenn ættu að meta þarfir sínar í námi, setja sér markmið með náminu og ákveða hvernig viðkomandi ætlaði að bæta nám sitt. Hlutverk leiðbeinenda var að aðstoða námsmennina við að finna þær aðferðir sem hentuðu þeim best til að ná markmiðum sínum. Fyrst lögðu nemendur drög að samningi fyrir litla hópa af samnemendum sem sátu sama námskeið. Síðan voru viðbrögð og endurgjöf lögð fyrir leiðbeinanda námskeiðsins, nemendur gerðu því næst endurmat í samræmi við endurgjöf og að lokum gaf leiðbeinandi og eða sérfræðingur grænt ljós á það hvort námsmaðurinn uppfyllti skilyrði námskeiðsins. Námskeiðin byggðu á fyrri reynslu, áætlun þeirra var einstaklingsmiðuð og mikið var lagt upp úr námssamningum og endurgjöf á meðan á ferlinu stóð.

Helsti munurinn sem leiðbeinendur fundu á nemendum var breytt viðhorf þeirra til náms. Þeim fannst andrúmsloftið afslappaðra á námskeiðunum og þeir töldu nemendur sína kunna betur að meta námskeiðin, þeir voru áhugasamari og

lögðu meira af mörkum. Einnig voru leiðbeinendur ánægðir með aukna samvinnu við aðra starfsmenn við skólann.

Það sem nemendur áttu sameiginlegt var þörfin fyrir að bæta við þekkingu sína með námi og efla starfsframann. Nemendur töldu sig hafa betur stjórn á náminu og eiga auðveldara í flestum tilfellum með að gera skólann hluta af daglegri rútinu t.d lásu nemendur námsefnið á sama tíma og þeir aðstoðuðu börnin sín við heimalærdóminn. Þeim tókst ágætlega að samræma fjölskyldulíf, atvinnu og nám. Ánægja þeirra með námsfyrirkomulagið hvatti þá áfram til frekara náms ásamt stuðningi frá jafningum og því að hafa stjórn á eigin námi.

Flestir nemendur héldu áfram námi en það var eitt af markmiðum vinnustofanna að ræða leiðir til að hjálpa nemendum að efla sig og styrkja sig fyrir áframhaldandi nám. Einhverjir nemendur byrjuðu og hættu á námsleiðinni. Ástæður þess voru fjárhagslegar, persónulegar eða vegna árekstra og vandræða með að samræma nám við atvinnu. Þeir sem hættu sögðust annað hvort ekki ætla að halda áfram því skólinn hjálpaði þeim ekki að ná persónulegum markmiðum sínum um starfsframa og/ eða þeir ætluðu að stefna annað til að ná markmiðum sínum.

Samantekt

Eins og áður kom fram fjalla kaflarnir í bókinni um ólíka nálgun á andragogy módelið eftir því hvort um er að ræða þjálfun heilbrigðisstarfsfólks, grunnskólakennara eða framhaldsskólakennara. Í bókinni eru tekin dæmi og sýnt fram á hvernig andragogy módelið nýtist fleirum en einungis þeim sem fjalla um og fást við fræðslu fullorðinna og hvernig það getur stutt við framþróun og breytingaferli með opinn umræðu, gagnkvæmri virðingu, samvinnu og trausti.

Leiðbeinendur jafnt og nemendur höfðu gang af því að ráðfæra sig við jafningja. Opin umræða og samvinna virtist skila þeim meiri árangri heldur en samkeppni og formleg samskipti. Mikilvægt er að koma fram við alla sem jafningja og tilgangur náms er að efla einstaklinga í gegnum það ferli sem nám felur í sér en skv. Knowles er „nám breytingar í sjálfum sér“.

Andragogy módelið hvetur námsmenn til að vera virkir þátttakendur og stefna að því að ná markmiðum sínum. Námssamningar nýtast í mörgum greinum til að ná markmiðum, áherslum og til að vaxa og þróast bæði faglega og persónulega.

Andragogy in action. Applying modern principles of adult learning er persónuleg bók þar sem Knowles raðar saman frásögnum um það hvernig andragogy

módelið, sem er hluti af ævistarfi hans, er notað í raunverulegum aðstæðum eins og titill bókarinnar gefur til kynna.

Heimild

Knowles, M. S. (1985). *Andragogy in action. Applying modern principles of adult learning*. San Fransisco: Josey-Bass.